



Reglur um skammtímadvöl og frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni

I. kafli Almenn atriði

1. gr. Lagagrundvöllur

Reglur Akureyrarbæjar um skammtímadvöl og frístundaþjónustu grundvallast á 16. og 17. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum, með síðari breytingum. Auk leiðbeininga ráðherra fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu en sveitarfélögum er skylt að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Jafnframt er tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

2. gr. Markmið

Skammtímadvöl er tímabundin dvöl fyrir fötluð börn og ungmenni með umfangsmiklar og langvarandi þjónustuþarfir til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem vegna veikinda eða annars álags.

Frístundaþjónustan er ætluð fötluðum börnum og ungmennum á grunn- og framhaldsskólaaldri sem ekki hafa aðgengi í önnur frístundaúrræði sem hæfa hag og þörfum þeirra. Frístundaþjónusta tekur við þegar reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.

Frístundaþjónustan skal vera samþætt almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður við komið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

3. gr. Hverjir eiga kost á skammtímaþjónustu

Börn og ungmenni, 24 ára og yngri, sem búa í foreldrahúsum eða hjá öðrum nánum ættingjum, á þjónustusvæði Eyjafjarðar í málefnum fatlaðs fólks, enda hafi þeim ekki boðist búseta með viðeigandi þjónustu sem uppfyllir þarfir þeirra.

Þá er heimilt að veita fullorðnu fötluðu fólki sem býr í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.

Heimilt er að veita öðrum skammtímadvöl eftir því sem eftirspurn og aðstæður leyfa hverju sinni.

Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtímavistunar.

4. gr.

Hverjir eiga rétt á frístundaþjónustu

Frístundaþjónusta er ætluð börnum og ungmennum með staðfesta fötlunargreiningu sem skerðinga sinna vegna geta ekki verið ein heima eftir að skóladegi lýkur.

Til þess að eiga rétt á frístundaþjónustu þurfa notendur að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði og leggja fram gögn því til stuðnings eftir því sem við á:

- a) Eiga lögheimili á Akureyri.
- b) Vera barn í 5.-10. bekk grunnskóla eða ungmenni í framhaldsskóla.
- c) Að fötlun hafi verið greind hjá viðurkenndum greiningaraðilum sem eru Ráðgjafar- og greiningarstöð, barna og unglingsgeðdeild eða Þroska- og hegðunarstöð.
- d) Að mat á heildrænni þjónustuþörf sýni þörf barnsins fyrir þjónustuna.

5. gr.

Ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar

Velferðarsvið Akureyrarbæjar sér um framkvæmd þjónustunnar á þjónustusvæði Eyjafjarðar um málefni fatlaðs fólks á grundvelli samnings milli sveitarfélaganna Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps. Allir íbúar á samningssvæðinu eiga jafnan rétt til þjónustunnar að uppfylltum skilyrðum reglna þessara og ganga fyrir um þjónustu.

6. gr.

Gjaldskrá

Greitt er samkvæmt gjaldskrá sem ber heitið "Grunnskólar – frístund og skólamáltíðir" og finna má á vef Akureyrarbæjar undir gjaldskrá m bæjarins.

Gjaldskráin gildir aðeins fyrir frístundaþjónustu en ekki er greitt fyrir skammtímadvöl.

Þjónustuþegar skammtímadvalar sem náð hafa 18 ára aldri greiða fyrir fæði meðan á dvöl stendur.

7. gr.

Skipulag skammtímadvalar

Skammtímadvöl getur annars vegar verið reglubundin dvöl samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun og hins vegar neyðarvistun til að mæta óvæntum áföllum í fjölskyldum.

Prisvar sinnum á ári er gerð áætlun um fyrirkomulag þjónustunnar sem byggð er á óskum og fyrirjáanlegum þörfum foreldra. Áður en áætlun um fyrirkomulag þjónustunnar er gerð er rétt að endurmeta þörf notanda fyrir þjónustuna og skal þá höfð hliðsjón af 9. gr. reglna þessara hvað varðar m.a. mat á þörf fyrir þjónustu og forgangsröðun.

Starfsfólk skammtímadvalar situr reglulega teymisfundi varðandi hvert einstakt mál.

Við skipulag og aðra áætlanagerð skal þess gætt að hafa svigrúm til að mæta neyðarvistun. Fjöldi notenda á hverjum skammtímadvalarstað skal, alla jafna, ekki vera fleiri en sex samtímis. Við mat á hámarksfjölda notenda á hverjum tíma skal tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins og aðstæðum á skammtímadvalarstað hverju sinni.

Heimsóknir forráðamanna/foreldra/aðstandenda eru skipulagðar í samvinnu við forstöðumann skammtímaþjónustunnar eða tengilið þjónustuþega í skammtímadvöl.

8. gr.

Skipulag frístundaþjónustu

Velferðarsvið Akureyrarbæjar fer með faglegt forræði frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, ákveður skipulag starfseminnar og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir notenda að leiðarljósi. Við skipulagningu starfsins þarf að huga að:

- **Aðgengi:** s.s. að húsnæði og öllum svæðum innan húsnæðisins, upplýsingum, nauðsynlegum hjálpartækjum, aðlögun og stuðningi til þátttöku.
- **Öryggi:** barna og ungmenna þarf að vera tryggt, m.a. með skilvirkri upplýsingamiðlun um þarfir notenda.
- **Áhugamálum:** að hvert barn eða ungmenni fái fjölbreytt tækifæri þess að uppgötva og þróa sín áhugamál og framfylgja þeim.
- **Samveru:** að leiðbeinendur í frístundastarfi hafi þekkingu og getu til að aðstoða notendur við að mynda tengsl sín á milli og yfirstíga mögulegar tjáskiptahindranir.
- **Sveigjanleika og aðlögun:** til þess að mæta börnum og ungmennum á þeirra eigin forsendum og finna leiðir og lausnir til þess að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.
- **Starfsfólki:** lögð sé áhersla á fagmennsku, öryggi og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir.

9. gr.

Þjónustutími

A: Skammtímadvöl:

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá hluta úr degi og upp í fimmtán sólarhringa á mánuði.

Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili notandans. Þurfi barn annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða skammtímavistun skal vísa málefni þess til sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018.

Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi svo unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

B: Frístundaþjónusta:

Frístundaþjónustan tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Lögbundnir frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 32/1997 og aðrir lögbundnir frídagar sbr. lög 88/1971. Frístundaþjónustunni lýkur kl. 17:00 á veturna.

Á sumrin er frístundaþjónustan frá kl. 8:00 til 16:00. Gert er ráð fyrir að þjónustubegar taki fjögurra vikna sumarfrí.

10. gr.

Ferli umsókna

Þeir sem óska eftir skammtímadvöl eða frístundaþjónustu skulu sækja um ráðgjöf og stuðning í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar. Umsækjandi er þá boðaður í ráðgjafaviðtal. Ef ráðgjafaviðtal leiðir í ljós að þörf sé á þjónustunni þá aðstoðar ráðgjafi við að setja inn umsókn um þann stuðning. Telji ráðgjafi ekki þörf á stuðningi í formi skammtímaðvalar eða frístundaþjónustu þá er viðkomandi samt sem áður heimilt að sækja um þar til gerða þjónustu og ber ráðgjafa að aðstoða við það.

Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum ungmenni eða barni, enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði.

11. gr.

Afgreiðsla umsókna

Barna- og fjölskylduteymi velferðarsviðs Akureyrarbæjar metur og afgreiðir umsóknir. Umrætt matsteymi tekur einnig fyrir kvartanir sem berast varðandi þjónustuna.

Við afgreiðslu umsókna skulu börn í umönnunargreiðsluflokkum Tryggingastofnunar ríkisins 1 og 2 njóta forgangs.

1. Flokkur 1, 85-100% mat. Börn, sem vegna mjög alvarlegrar fötlunar, og/eða fjölfötlunar, eru algjörlega háð öðrum með hreyfifærni og/eða flestar athafnir daglegs lífs.

- Flokkur 2, 85% mat. Börn, sem vegna alvarlegrar fötlunar þurfa aðstoð og nær stöðuga gæslu í daglegu lífi t.d. vegna alvarlegrar eða miðlungs þroskahömlunar, og/eða hreyfihömlunar, sem krefst notkunar hjólastóls, verulegrar tengslaskerðingar, einhverfu, heyrnarskerðingar, sem krefst notkunar táknmáls/varalesturs og/eða blindu.
- Meti rágjafi þörf á skammtímaþjónustu þrátt fyrir að umönnunarmat TR sé lægra, þá er heimilt að veita undanþágu frá ofangreindum tölulíðum, 1 og 2.

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið auk málstjóra í viðtal til að afla frekari upplýsinga og gengið úr skugga um að þörf viðkomandi fyrir skammtímadvöl sé ótvíræð og önnur almenn þjónusta eigi ekki við.

Mat á þörf fyrir þjónustu er gert út frá umsókn og öðrum fyrirliggjandi gögnum. Við matið er m.a. lítið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskyldan fær.

Skal jafnframt ákvörðun um lengd dvalar í skammtímadvöl byggð á því mati sem aflað er.

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn, þar sem fram kemur mat á stuðningsþörf. Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er.

Sé ekki unnt að hefja stuðning strax, hvorki skammtímadvöl né frístundaþjónustu og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt.

12. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma.

13. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Eftir samþykkt þjónustunnar eru aðstandendur og umsækjandi, ef við á, boðaðir á fund til að gera samning um þjónustuna. Þjónustusamningurinn segir til um magn þjónustu, skipulag og tímalengd. Gildistími þjónustusamnings getur verið allt frá 3 mánuðum til eins árs og er endurskoðaður við lok hvers samnings. Þjónustusamningur skal vera tilbúinn til undirskriftar þegar þjónusta hefst. Í framhaldi er unnin einstaklingsmiðuð þjónustuáætlun.

Einstaklingsbundin þjónustuáætlun er fyrir notendur þjónustunnar. Þar koma fram nánari upplýsingar og sérþarfir viðkomandi. Áætlunin er gerð í samvinnu við aðstandendur/þjónustuþega og er endurskoðuð reglulega, en eigi sjaldnar en árlega.

II. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

14. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur velferðarsviðs Akureyrarbæjar er að finna í V. kafla reglna Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. En þar koma m.a. fram kæruleiðir vilji umsækjandi ekki una ákvörðun velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

15. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í velferðarráði þann 11. september 2023 og í bæjarstjórn þann 21. nóvember. Reglur þessar öðlast gildi 1. desember 2023. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni frá 18. febrúar 2020.